

Ed.

94. Frumvarp til laga

[84. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

Á eftir 42. tölulið B-liðar 2. gr. laganna komi nýr töluliður:
Kópavogur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk hreppsnefndar Kópavogshrepps. Eins og kunnugt er, hefur byggð aukizt þar mjög ört hin síðustu ár. Íbúatala í hreppnum er nú komin á þriðja þúsund, og er hann því langfjölmennasti hreppur landsins. Þangað hefur fólk flutzt hvaðanæva af landinu, þó mest úr Reykjavík síðustu árin. Atvinnufyrirtæki eru nokkur, þó ekki svo mörg eða stór, að þau fullnægi íbúunum um atvinnu. Hraðfrystihús er í hreppnum, beinamjölsverksmiðja og fiskþurrkunarstöð, en fiskur, sem þar er unnið úr, er fluttur að landveg. Fáir stunda sjósókn sem aðal- atvinnu, en margir eiga báta og róa til hrognkelsa á vorin. Með auknum vonum um vaxandi afla á handfæri og línu á nærliggjandi miðum hafa nú margir, bæði í Reykjavík og Kópavogshreppi, hug á að leita út á sjóinn sér til ánægju og gagns og freista þess að afla á smáum fleytum þótt ekki væri nema nokkurs hluta þess fisks, sem bæjarbúar þarfnast til matar. Er þess full þörf, síðan togveiðar lögðust niður í Faxaflóa, góðu heilli. Trillubátaútgærd er ekki kostnaðarsöm, og mætti vel svo fara, að margir gætu haft af henni góða tómsundavinnu eða jafnvel fulla atvinnu.

Athugun hefur farið fram á hafnarskilyrðum í Kársnesi, milli Fossvogs og Kópavogs, og sýna mælingar, að þau eru allgóð í sunnanverðu nesinu, Kópavogsmegin. Er því fyrirhugað að gera þar nokkrar lendingarbætur, bátabryggju nægilega stóra fyrir trillubáta og smærri vélbáta. Er þetta auðvelt á þessum stað án mikils tilkostnaðar. Verður reynslan látin skera úr, hvort þörf gerist frekari iendingar- eða hafnarbóta á þessum slóðum.